



Kæru sveitungar

Unnið er að því þessa dagana að skipuleggja fjölnota handverksaðstöðu í kjallara Seiglu – miðstöð sköpunar. Til að vel takist til og við uppskerum góða og hagnýta aðstöðu fyrir breiðan hóp notenda þá leitar undirrituð til ykkar um að styðja við þessa uppbyggingu ef þið sjáið ykkur fært um það.

Oft leynist ýmislegt í geymslum, bæði tæki og efniviður, sem menn eru ýmist hættir að nota eða vantar kannski betri aðstöðu til nýtingar. Tekið er á móti öllum góðum gjöfum, hvort heldur sem er tækjum eða efnivið sem þið teljið að geti komið sér vel í handverki og þið eruð hætt að nota eða viljið gjarnan bjóða öðrum að vinna úr. Um getur verið að ræða timbur til tálgunar og útskurðar, ull, efni í bútasaum eða garnafgangar til að hekla úr svo eitthvað sé nefnt ☺ Við stefnum á að vera með lítið handavinnubókasafn á kaffistofunni og tökum glöð á móti gömlum þrjónablöðum, handavinnubókum eða tímaritum sem gefa innblástur til ýmissa verka.

Varðandi tækjakost þá eru nokkur tæki fyrir hendi í Kjallaranum til smíða, nokkrar trönur og litlir vefstólar. Gaman væri að fjölga tækjum til létrar smíðavinnu og erum við til dæmis á höttunum eftir bandsög, rennibekk, standborvél, afréttara svo eitthvað sé nefnt. Endilega hafðu samband ef þú telur þig hafa tæki sem kæmu að góðum notum í kjallaranum, annað hvort gefins eða til kaups. Eins er hægt að gera leigu - eða afnotasamning um tæki, vilji einhver gjarnan lána tæki en ekki láta þau af hendi gegn því að Kjallarin annist viðhald á þeim. Nú er hópur málara er að koma sér upp aðstöðu og auglýsir eftir myndvarpa sem mætti búa í Kjallaranum.

Uppbygging sem þessi tekur tíma en vonir standa til að hér byggist upp aðstaða sem ungir sem aldnir geti nýtt til góðra verka og verði einn þeirra þátta sem gera það gott að búa í Þingeyjarsveit. Eg minni á opnunartímamann í apríl og maí: mán. kl. 17-21, mið. kl. 10-14, fim. kl. 15-19. Endilega komið og kynnið ykkur hvað er í boði og tekið er vel á móti góðum ráðum um skipulagið.

Kær kveðja
Anita Karin Guttesen
Verkefnastjóri Seiglu.

Sumargleði Kvenfélags Fnjóskdæla

Nú er sumar, gleðjumst saman á árlega
Tombólukaffinu í Skógum
á sumardaginn fyrsta 21. apríl kl. 14-17

Þeir sem vilja styrkja okkur með tommbóluvinningum
komið þeim til okkar fyrir 18. apríl.
Kær kveðja Þura, Lella, Gunna Vala,

Gunnhildur, Inga Hart og Hanna.



Opið hús

Laugardaginn 9. apríl er opið hús í Bústólpahöllinni milli
13.00 og 15.00.

Allir hjartanlega velkomnir.
Þeir sem vilja getað klappa hestunum og látið teyma undir sér.
Vöflur og með þeim, til sölu.

Æskulýðsnefnd Grána og Þjálfarinn.



Þingeyjarsveit

Tillaga að deiliskipulagi frístundahúsa á jörðinni Miðhvammi í Aðaldal

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 31. mars 2016 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi vegna uppbyggingar á gistirekstri á jörðinni Miðhvammi, sem aukastarfsemi með landbúnaði. Gert er ráð fyrir gistirekstri í tveimur smáhýsum/ frístundahúsum á heilsársgrundvelli. Skipulagssvæðið nær yfir spildu á milli Hvammavegar (853) og núverandi bygginga í Miðhvammi. Svæðið afmarkast af trjábelti til norðurs, helgunarsvæði Hvammavegar til austurs og aðkomuvegi að núverandi byggingum til suðurs og vesturs. Stærð skipulagssvæðisins er um 1,0 ha.

Tillöguuppdráttur með greinargerð munu liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar, frá og með föstudeginum 8. apríl 2016 með athugasemdarfresti til og með föstudeginum 20. maí 2016. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar: <http://www.thingeyjarsveit.is>, /Skipulagsauglýsingar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 20. maí 2015. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/eða í tölvupósti á netfangið:

bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Bjarni Reykjalin,
skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar.

sem best er að framkvæma ef rekstur er á einni hendi.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að hefja viðræður við ríkið um yfirtöku á rekstri Dvalarheimilis aldraðra.

5. Miðhvammur í Aðaldal, deiliskipulag

Skipulags- og umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar færði eftirfarandi til bókar á fundi sínum 3. mars s.l.:

(Tillaga að deiliskipulagi frístundahúsa til útleigu á jörðinni Miðhvammi í Aðaldal)

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna að sinni og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna deiliskipulagstillöguna og forsendur hennar fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um áður en tillaga verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn.

Skipulags- og byggingarfulltrúi kynnti tillöguna og forsendur hennar á opnu húsi fimmtudaginn 17. mars s.l. Ekki komu fram neinar athugasemdir við tillöguna á kynningunni og óskar skipulags- og byggingarfulltrúi hér með eftir heimild sveitarstjórnar til að auglýsa tillögu að deiliskipulagi frístundahúsa til útleigu í landi Miðhvamms í Aðaldal eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa tillöguna að deiliskipulaginu eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

6. Útboð, ljósleiðaratenging – staða mála

Útboð og útboðsgögn vegna ljósleiðaratengingar tekin til umræðu en undirbúningsvinna er á lokastigi.

Samþykkt að sækja um styrk til ljósleiðaravæðingar „Ísland ljóstengt 2016“, skráð í trúnaðarmálabók. Sveitarstjóra falið að ganga frá styrkumsókninni.

Endanleg drög að útboði, kostnaðaráætlun og staðfesting um styrk frá ríkinu verða lögð fram til afgreiðslu á næsta sveitarstjórnarfundi. Í framhaldinu er reiknað með að auglýsa útboðið.

Til kynningar:

Fundargerð 837. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:05

Arnór Benónýsson	Ásvaldur Ævar Þormóðsson
Eiður Jónsson	Nanna Þórhallsdóttir
Heiða Guðmundsdóttir	Ragnar Bjarnason
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson	



**Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
31.03.2016**

188. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 31. mars kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Eiður Jónsson í forföllum Margrétar Bjarnadóttur, Nanna Þórhallsdóttir í forföllum Árna Péturs Hilmarssonar, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson. Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskað eftir að bæta á dagskrá undir 5. lið; Miðhvammur í Aðaldal, deiliskipulag. Aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

- 1) Aðalfundarboð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.
- 2) Aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
- 3) Fundargerð Leigufélags Hvamms frá 08.01.2016
- 4) Fundargerð DA frá 08.01.2016
- 5) Miðhvammur í Aðaldal, deiliskipulag
- 6) Útboð, ljósleiðaratenging – staða mála

1. Aðalfundarboð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.

Lagt fram aðalfundarboð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. sem haldinn verður þann 11. apríl n.k. á Hótel Skúlagarði í Kelduhverfi.

Samþykkt að Heiða Guðmundsdóttir fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

2. Aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Lagt fram aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem haldinn verður þann 8. apríl n.k. á Grand Hótel í Reykjavík.

Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

3. Fundargerð Leigufélags Hvamms ehf. frá 08.01.2016

Lögð fram fundargerð Leigufélags Hvamms frá 8. janúar s.l. þar sem óskað er eftir endurnýjun á ábyrgð eiganda á yfirdráttarheimild allt að tíu milljónum. Um er að ræða einfalda ábyrgð í hlutfalli við eign.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti endurnýjun á ábyrgð á yfirdráttarheimild Leigufélags Hvamms ehf. og tryggja þar með rekstur félagsins út árið 2016.

4. Fundargerð DA frá 08.01.2016

Lögð fram fundargerð Dvalarheimilis aldraðra frá 8. janúar sl. þar sem óskað er eftir heimild aðildarsveitarfélaga til að hefja viðræður við ríkið um yfirtöku á rekstrinum. Uppbygging á nýjum hjúkrunarrýmum mun hafa í för með sér talsverða endurskipulagningu á núverandi rýmum innan Hvamms og HSN



Seigla – miðstöð sköpunar auglýsir eftir starfsmanni í 50% starf, til eins árs, með möguleika á framlengingu eftir því hvernig verkefninu vindur fram. Starfið felst í eftirfarandi:

Sjá um þrif á húsnæði Seiglu.

Skipuleggja og hafa umsjón með handverksaðstöðunni í kjallara Seiglu.

Taka þátt í að móta og þróa verkefnið áfram í samstarfi við verkefnastjóra.

Viðkomandi þarf að hafa áhuga á þróunarverkefninu Seigla – miðstöð sköpunar; eiga gott með samskipti; sýna frumkvæði og vera frjór í umræðunni um farveg verkefnisins. Reynsla af handverki og verkunnátta er kostur.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. maí 2016. Umsóknum skal skila fyrir 24. apríl næstkomandi á skrifstofu Þingeyjarsveitar eða rafrænt á netfangið: anita@thingeyjarsveit.is

Anita Karin Guttesen
Verkefnastjóri Seiglu – miðstöð sköpunar



Opinn umræðufundur um atvinnumál í Þingeyjasveit

Þriðjudagskvöldið 12. apríl kl. 20:30 í Seiglu - miðstöð sköpunar verður frjóum og skemmtilegum umræðum um atvinnumál framhaldið. Íbúar hvattir til að mæta og taka þátt í hagnýtum umræðum um atvinnumál. Fulltrúi Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga kemur og veitir okkur stuðning og góð ráð í umræðunni. Eins fer verkefnastjóri yfir framvindu nokkurra verkefna í Seiglu. Athugið að þetta verður síðasti umræðufundur vorsins, svo tökum við upp þráðinn aftur í haust.

Anita Karin Guttesen
Verkefnastjóri Seiglu

KYNNING Á SJÁLFBÆRNIVERKEFNINU Á NORÐURLANDI

Sjálfbærni-verkefnið á Norðurlandi er samstarfsverkefni um vöktun samfélags, efnahags og umhverfis á svæðinu frá Jökulsá á Fjöllum að Vaðlaheiði. Að verkefninu koma Norðurþing, Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveit, Landsvirkjun, Landsnet, PCC, RHA og hagsmunasamtök ferðaþjónustuaðila. Undanfarin misseri hefur verið unnið að mótun vísa til að vaktá breytingar á svæðinu og er sú vinna á lokastigi. Stýrihöpur verkefnisins óskar eftir álitni íbúa, fyrirtækja og félagasamtaka á visunum og boðar af því tilefni til kynningar og umræðu um visana og framkvæmd þeirra.

Til að sem flestir geti mætt er boðið upp á tvo fundartíma. Fundirnir fara fram þann 11. apríl að Ydölum. Sá fyrri kl. 10:00 og sá seinni kl. 17:00.

Í samstarfi við útskriftarnema Framhaldsskólans á Húsavík verður boðið upp á barnagæslu á meðan seinni fundurinn stendur yfir.

Staður: Ydalir

Tími: Mánudagurinn 11. apríl
Kl. 10:00 og kl. 17:00



Dansæfing



Dansæfing verður í Ljósvefningabúð
föstudagskvöldið 8. apríl
frá kl. 20:30-22:30.
Allir hjartanlega velkomnir
Miðaverði 1000 kr

Stjórnin

14. tbl.
7. apríl
2016
23. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Aðalfundur Skógræktarfélags Fnjóskdæla 2016

Furuvöllum, Vöglum, Fnjóskadal, mánudaginn 18. apríl hefst kl. 20:00 á því að starfsmenn Skógræktar ríkisins munu sýna fundargestum nýja flettsög sem Skógræktin hefur nýlega fest kaup á.

Dagskrá aðalfundar:

- Skýrsla stjórnar
- Lagðir fram skoðaðir reikningar félagsins
- Lagabreytingar
- Kosningar
- Önnur mál



Stjórn Skógræktarfélags Fnjóskdæla

Atvinna

Eigendum Lundsvallar vantar hressan starfskraft
í veitingaskálann Stekk í sumar.
Æskilegt að viðkomandi sé orðin 20 ára.
Þarf að geta afgreitt, smurt brauð, gert heita smárétti
og etv bakað ofl.
Vinnutími alla virka daga og aðra hvora helgi.
Áhugasamir sendið inn umsókn fyrir 20. apríl 2016.

Nonni3@simnet.is

sigga@ljosgjafinn.is